

## Skólaráð Naustaskóla

6. fundur ársins 2011 þann 11. maí kl. 8:05

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Björk Guðmundsdóttir, Sara Stefánsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Brynja Dögg Hermannsdóttir, Sandra Mjöll Tómasdóttir

Fulltrúar nemenda: Ekki viðstaddir þennan fund.

### Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Ráðningar kennara.** 37 umsóknir bárust um fjórar kennarastöður við skólann. Á síðasta fundi skólaráðs var ákveðið að boða 12 umsækjendur til viðtals. Skólastjórnendur hafa nú tekið 40-60 mínútna viðtöl við þessa umsækjendur, gefin voru stig fyrir þá þætti sem tilgreindir voru í auglýsingu auk fleiri þátta og þannig reiknað heildarmat á umsækjendum miðað við þarfir skólans. Að teknu tilliti til þessa mats lá fyrir fundinum tillaga skólastjóra um að Gyða Björk Aradóttir, Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir, Úlfar Björnsson og Valdís Rut Jósavinsdóttir yrðu ráðin. Eftir yfirferð og umræður var sú tillaga samþykkt. Í framhaldi af þessu var rætt um nauðsyn þess að nýta vel reynslutímann, þ.e. fyrstu mánuði ráðningartíma, til að meta nýja starfsmenn.
- 2. Starfsáætlun skólaráðs.** Lögð fyrir drög að áætlun fyrir starf skólaráðs, þ.e. hvaða þættir skólastarfsins verða teknir til skoðunar og umræðu á hverjum tíma. Rætt og nokkrum þáttum bætt við. Áætlunin verður svo birt í starfsáætlun skólans fyrir næsta vetur.
- 3. Námsgögn nemenda.** Rætt fyrirkomulag námsgagnakaupa, þ.e. hvort skólinn eigi að annast innkaup eða foreldrar sjálfir. Niðurstaðan var í samræmi við umræður sem fram fóru á starfsmannafundi í vikunni, þ.e. að skólinn annist öll námsgagnainnkaup fyrir nemendur í 1.-3. bekk en foreldrar annist innkaup ritfanga o.þ.h. sem "tilheyri pennaveski" fyrir nemendur í 4. bekk og uppúr. Gæta þarf vel að því að hálfnýttar bækur, ritföng o.fl. nýtist þannig að ekki sé verið að kaupa nýtt þegar hægt er að nýta gamalt.
- 4. Vorhátíð næsta vors, dagsetning.** Fram kom fyrirspurn frá hverfisnefnd um hvort hægt sé að hafa vorhátíð næsta vors frekar á fimmtudegi en föstudegi. Ágúst athugar málið.
- 5. Foreldrakönnun.** Umræðum um niðurstöður foreldrakönnunar frestað til næsta fundar

Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 8. júní kl. 8:05.

Fleira ekki tekið fyrir,

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð